

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014, Vogar, Grænuborgarhverfi og nýr miðbær.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994-2014 frá 16. nóvember 1994.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Íbúðarbyggð norður af núverandi byggð í landi Austurkots/Minni-Voga stækkar úr 14,5 ha í 23 ha á kostnað opins óbyggðs svæðis og er gert ráð fyrir 400 íbúðum á um 20 ha svæði auk þess sem þjónustusvæði færir til norðurs og stækkar úr 1 í 2,25 ha. Opin svæði til sérstakra nota stækka úr 2 í 5 ha og nýtt 1 ha svæði bætist við.
- Gert er ráð fyrir nýju íbúðarsvæði og miðsvæði sunnan Vogabrautar og austan Stapavegar og við það breytist landnotkun úr opnu óbyggðu svæði, blönduðu svæði opinberra stofnana og verslunar- og þjónustu- og iðnaðarsvæði í íbúðar-, verslunar- og þjónustusvæði auk opins svæðis til sérstakra nota. Verslunar- og þjónustusvæðið verður 1,5 ha og íbúðarsvæðið 3,4 ha með um 80 íbúðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 26. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006